

**2. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 8. ágúst 2022  
og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG), Jónas Snæbjörnsson (JS), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Birna F Hannesdóttir (BFH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069**

Erindisbréf Fræðslunefndar. Mál frá 1. fundi nefndarinnar.

*Fræðslunefnd samþykkir erindisbréf með áorðnum breytingum og vísar því til sveitarstjórnar til staðfestingar.*

**2. Gjaldsskrá tónlistardeildar, haustið 2022 - 2208002**

Lögð fram tillaga að uppfærðri gjaldsskrá tónlistardeildar Tálknafjarðarskóla fyrir haustið 2022.

*Framlögð tillaga er samþykkt og vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.*

**3. Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203332**

Mál frá 47. fundi Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar sem fór fram 29.03.2022.

*Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að miðað verði við að starfsemi lengdrar viðveru í Tálknafjarðarskóla miðist við nemendur í 1.-3. bekk. Þessi tillaga er gerð í ljósi þess að lengd viðvera fer fram á leikskóladeild skólans og í samvinnu við það starf sem þar fer fram.*

*Jafnframt telur nefndin rétt að settar séu starfsreglur vegna starfssemi lengdrar viðveru. Skólastjóra er falið að vinna tillögu að slíkum reglum og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar.*

**4. Skóladagatal 2022-2023 - 2203329**

Lagt fram uppfært skóladagatal fyrir skólaárið 2022-2023. Þar kemur fram tillaga að skertum degi í leikskóla í júní 2023 vegna starfsdags.

*Fræðslunefnd samþykkir samhljóða að bæta við einum skertum degi á leikskóla vegna starfsdags starfsfólks, sem verður 5. júní og verður leikskóli þá opinn þann dag kl. 08:00-12:00. Vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.*

**5. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023 - 2208001**

2. fundur  
12.09.2022

Lagt fram minnisblað skólastjóra um stöðu ýmissa verkefna.  
*Minnisblað lagt fram og rætt.*

**6. Fundadagatal 2022-2023 - 2208003**

Fundadagatal nefnda og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps út júní 2023.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

---

Jónas Snæbjörnsson (JS)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Birna F Hannesdóttir (BFH)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)